

Alþingi
Erindi nr. P 132/306
komudagur 30.11.2005

U S T

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ *Suðurlandsbraut 24*
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ *(+354) 591 2000*
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

25. nóvember 2005

Skjalanúmer: 50

Tilvísun: UST20051100091/kg

Þingsályktunartillaga um öflun grunnagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta, 35. mál

Vísað er til erindis umhverfisnefndar, dags. 15. nóvember sl, þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um þingsályktunartillögu um öflun grunnagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta, 35. mál.

Umhverfisstofnun hefur víðtækt hlutverk tengt náttúru landsins og notkun náttúrufarskorta. Stofnunin byggir auk þess stóran hluta af starfi sínu á náttúrufarsupplýsingum sem unnar eru á viðeigandi fagstofnunum. Skortur á grunnögnum um náttúrufar Íslands er mjög bagalegur og dregur úr möguleikum stofnunarinnar til að sinna hlutverki sínu. Sem dæmi má nefna að þrátt fyrir að stofnunin hafi sent frá sér víðtæka og yfirgripsmikla tillögu að náttúruverndaráætlun, var sú vinna takmörkuð við þá þætti sem grunnögn leyfðu. Þannig vantar á gagnagrunna um vistkerfi ýmiskonar, vistgerðir, jarðminjar, smádýr svo og ferskvatns-, sjávar- og jarðhitalífverur.


Í tillögu Umhverfisstofnunar um friðlýsingar vegna náttúruverndaráætlunar var bent á mikilvægi þess að ljúka grunnskráningu og kortlagningu á náttúru Íslands sem nauðsynlegan grunn við gerð næstu náttúruverndaráætlunar sem lögum samkvæmt á að leggja fyrir eigi síðar en 2008.

Umhverfisstofnun styður því heilshugar að kraftur verði settur í skipulega skráningu og kortlagningu á náttúru Íslands. Stofnunin telur mjög mikilvægt að hið fyrsta verði lokið við gerð jarðfræði-, gróðurfars-, búsvæða- og vatnafarskortum af landinu í hæfilegum mælikvarða (t.d. 1:50.000).

Góð grunnöggn eru grundvallaratriði í stjórnun náttúruauðlinda, mat á verðmæti, skipulagningu nýtingar og vörnum gegn vá. Umhverfisstofnun telur álíka mikilvægt að slíkar upplýsingar verði öllum aðgengilegar og nauðsynlegt að ríkisvaldið hlutist til um söfnun þeirra upplýsinga og útgáfu.

Virðingarfyllst,


Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður


Kristján Geirsson
fagstjóri

Afrit: Umhverfisráðuneytið